


Lífgeislar

Tímarit um lífsambönd við aðrar stjörnur

4. tbl. nóv. 1975



Eigi einungis er aðdráttarsamband milli hnattanna, heldur cinnig lífsamband milli þeirra sem þá byggja.

Helgi Pjeturss.

Sólhverfið – heimkynni vort

(Sjá forsíðumynd)

Á myndinni má sjá hluta af sólhverfi okkar með umferðarbrautum nokkurra reikistjarna um sólina, sem sýnd er í miðju. Níu reikistjörnur ganga um sólina: Merkúr, Venus, Jörðin, Mars, Júpíter, Satúrnus, Úranus, Neptúnus og Plútó.

Mörg tungl ganga um sumar reikistjörnurnar og eru þau alls 32 í sólhverfinu. Auk reikistjarna og tungla er í sólhverfinu smástirnabeltið, en það eru þúsundir smástjarna á braut um sólina milli Mars og Júpíters.

Auk þess gengur um sólu mikill fjöldi halastjarna, sem flestar ganga um hana á mjög þróngum og aflöngum brautum. Álitið er að mikill fjöldi halastjarna komi aldrei nærrí sólu, en gangi á brautum langt utan annarra stjarna sólhverfisins.

Pví fjær sólu sem reikistjörnurnar ganga, því hægar fara þær á braut sinni og því lengri er umferðartími þeirra um sólu. Merkúr er sú stjarnan, sem næst gengur sólu og er um 3 mánuði (88 daga) að fara eina umferð. En Plútó, fjarlægasta reikistjarnan er um 250 ár að fara eina umferð um sólu.

Jörð vor er ein af minni reikistjörnum sólhverfisins, en hún er í þeirri fjarlægð frá sólu, að hita frá henni gætir hér hæfilega til að fóstra það líf, sem henni er eiginlegt.

Sólhverfi vort er aðeins eitt af milljónum annarra sólhverfa í vetrarbraut vorri, þar sem líf þróast á hliðstæðan hátt og hér. En víða í þessum mikla alheimi mun lífið hafa náð að þróast til margfalda þroska á við það, sem enn er orðið hér, og sambönd og samskipti munu eiga sér stað á milli hinna háþróuðu mannkynja. Mannkyn jarðar vorrar er enn um of utanveltu í þeim samskiptum. Vér verðum að taka upp nánari sambönd við lengra komna vini þar sem mátturið og góðvildin er ráðandi. Líforka er það afl, sem til greina kemur til slíkra fjarsambanda. Lífgeislarnir brúa bilið milli hinna ýmsu mannkynja algeimsins, svo að fjarlægðir rúmsins verða engin hindrun fyrir samböndum lífsins á hinum ýmsu stjörnum.

Ingvar Agnarsson

Mynd á forsíðu er gerð af Robert Agton og er í bókinni *The night sky* eftir Mary T. Rüch, Ph. D.

Um fyrirbærin „fljúgandi diskar“

Hamfarir og fjarsýnir

I.

Skýrsla um fljúgandi diskar

Í tímaritinu „Kosmó kaj homo“ 2. ársfj. 1974, sem gefið er út af Stjörnuathugunarstöðinni í Zagreb í Júgóslavíu (Astronomia observatorio) segir frá því, að Claude Poher, yfirmaður eldflaugadeilda frönsku miðstöðvarinnar fyrir geimrannsóknir í Toulouse hafi nýlokið við fjögurra ára rannsóknir á skýrslum, sem fram hafa komið um „ókennda fljúgandi hluti“ (neidentifikitaj flugantaj abje-ktoj) sem almennt eru kallaðir „fljúgandi diskar.“ Poher hefur valið til meðferðar um þúsund „trúverðugar“ skýrslur, og af þeim eru yfir tvö hundruð frá Frakklandi. Poher hefur tekið þessar upplýsingar til meðferðar, ásamt aðstoðarmönnum og hafa þeir gert ályktanir um bessa „fljúgandi diskar.“

Á ályktunum sínum hafa þeir tekið tillit til aðstæðna hverju sinni, svo sem veðurskilyrða, hvort loft var skýjað o. s. frv. er hlutirnir sáust, og hvort þeir sáust yfir þéttbýlissvæðum eða óbyggðu landi.

Í 70 af hundraði tilvikum voru hinir ókenndu hlutir séðir sam-tímis af tveimur eða fleiri mönnum og í nokkrum tilvikum jafnvæl af íbúum heilla borga. Sjáendur „hlutanna“ voru menn úr öllum starfsgreinum, en áberandi er, hve vísindamenn eru fáir meðal þeirra. Claude Poher fullyrðir, að vísindamenn, jafnvel þótt þeir hafi orðið sjónarvottar þessara óvenjulegu fyrirbæra, hafi yfirleitt óskað eftir nafnleynd, þ. e. að nöfn þeirra vrðu ekki birt.

Átta af hverjum tíu mönnum, sem sáu „fljúgandi diskana“ full-vrða að þeir hafi verið eggлага (avalforma), og aðeins tveir af hverjum tíu sáu flugtæki þessi með annarri lögum. (de alvaj geometriaj formoj).

Í 70% tilvikum sáust „hlutirnir“ að næturlagi og voru þá rós-rauðir á lit, en þeir sem sáust í dagsbirtu voru með málmljáa, samkvæmt skýrslum sjónarvotta.

Yfirleitt var um að ræða flugtæki sem virtust að þvermáli vera milli 10 og 30 metrar, að álti sjónarvotta, og hreyfðust algerlega hljóðlaust. Tíu af hundraði sjónarvotta álita að „fljúgandi diskarnir“ hafi lítið hreyfst í raun og veru, heldur hafi þeir liðið hægt áfram. 25% álita sig hafa séð „diska“ sem fóru hægt yfir og enn aðrir sáu „diska“ sem þeir telja að hafi farið með óvenjulegum hraða. Í 50% tilvika telja sjónarvottar að flugstefnan hafi verið „óvenjuleg“ (nekuðima) ef miðað er við flug þekktra gerða af flugvélum. Að lokum fullyrða um 20 af hundraði sjónarvotta að þeir hafi verið viðstaddir lendingu „fljúgandi disk.“

II.

Fljúgandi diskar í ljósi kenningar dr. Helga Pjeturss

Petta var endursögn af skýrslu þeirri um rannsóknir á ókenndum fljúgandi hlutum, sem birtist í nefndu tímariti hinnar júgoslavnesku stjörnuathugunarstöðvar og er sitthvað sem þar kemur fram, athyglisvert.



Pessi furðulegu fyrirbæri, fljúgandi diskar, svokallaðir, hafa verið mjög algeng mörg undanfarin ár. Varla líður sú víka að ekki berist fregnir um þessa furðuhluti einhvers staðar að úr heiminum. Og opinberar stofnanir, eins og t. d. sú, sem af er sagt hér að framan, taka til æ alvarlegri rannsókna skýrslur sjónarvotta af þessum fyrirbærum.

Eitt hið athyglisverðasta, sem frá er skýrt í nefndri skýrslu, finnst mér vera það, sem sagt er um vísindamenn, sem orðið hafa sjónarvottar að fyrirbærnum: Þeir óska eftir að nöfn þeirra verði ekki birt.

Hjá þessum mönnum kemur fram hræðsla þeirra við álit annarra vísindamanna. Þess vegna má ekki birta nöfn þeirra. Pessi afstaða þeirra er í rauninni skiljanleg og afsakanleg, á meðan ekki er vitað eða skilið á hvaða lögmálum slík fyrirbæri byggjast.

Hér er það sem kenning dr. Helga Pjeturss varpar ljósi á þessa torráðnu gátu, eins og svo margt annað. Fjargeislun er hér um að ræða. Fjargeislun, sem leiðir af sér hamfarir flugtækis og áhafnar þess, frá fjarlægum hnetti til okkar jarðar.

Á tækniold þeirri sem nú stendur yfir á jörð okkar, hafa skapast sambönd við tækniþróuð mannfélög á öðrum hnöttum. Gera má ráð fyrir að farartæki þeirra séu að ýmsu leyti frábrugðin farartækjum okkar jarðar, og einnig að því er snertir flugtæki þeirra. Vegna hins almenna áhuga jarðarbúa á tækni almennt (þ. á m. flug-



Petta eru tvær af þeim myndum sem stjörnufræðingurinn J. Allen Hynek befur valið til birtningar í bók sinni „The UFO-Experience“. „Skært næturljós“. — Parna er greinilegt aflsvæði að myndast (til hægri) og er það einna líkast rafsegli, en líklegt er að slik lífaflsvæði séu einatt undanfari þess að flugdiskatyrirbæri myndist. — Myndin til vinstrí ber ekki eins auðsæilega með sér gerð aflsvæðisins. En þó er þarna einnig um efnistöku að ræða, samfara mikilli birtu, og sennilega eru skaut að myndast báðu megin í ljóshnetti þessum.

tækni) myndast hér einskonar lífaflsvæði, sem gerir það mögulegt, að fyrirbæri af þessu tagi geta myndast í lofthvolfi jarðar okkar. Þessi farartæki og áhafnir þeirra koma hingað hamförum, þau efnast, og haldast hér við um stutta stund. Með þessum hætti gerist slíkur flutningur milli fjarlægra hnatta á andartaki. Enda væru raunveruleg ferðalög milli sólhverfa óhugsanleg með tæknilegum hætti. Til þess eru fjarlægðir allt of miklar, svo að jafnvel ljósgeislunn er áratugi og árbúsundir að komast á milli.

En lífgeislunn leysir þennan vanda, því hann mun komast um óravíddir geimsins á örskotsstund. Og á þennan hátt munu fara fram öll geimferðalög hinna lengra komnu íbúa annarra hnatta. Þeir fara hamförum í heimsóknir sólhverfa milli. Fljúgandi diskarnir, sem hér sjást stundum hljóta því að myndast með hliðstæðum hætti, vegna fjargeislunar, hamfara. Það kemur einnig fram af frásögnum sjónarvotta, að „diskarnir“ efnast misjafnlega. Þess vegna verða útlínur þeirra óskýrar stundum, og lögun þeirra all-

breytileg. Stundum verða þeir lítið annað en einskonar þokuhnoðrar, en stundum er efnunin mun fullkomnari, jafnvel svo að jafnast getur getur á við fasta hluti á jörðu hér.

Pessir hlutir hafa oft sést í radar, og er það órækur vottur þess, að um raunverulega hluti er að ræða.

En svo er sá möguleiki einnig fyrir hendi, að ekki sé um að ræða efnun hinna „fljúgandi diska“ hér við okkar jörð, þótt menn telji sig sjá þá í umhverfi sínu. Er þá um að ræða fjarskynjun til annars hnattar. Hinn skyggni maður sér þá hlutinn í hinu rétta umhverfi hans, þ. e. á annarri stjörnu.

Sú tegund flugdiskasýna mun vera allalgeng. Vil ég nefna dæmi, sem skýrir slíka sýn: Tveir menn standa úti og horfa til himins. Annar þeirra sér „fljúgandi disk“ fara um loftið, hann sér lögum hans og lit og útlit allt. En hinn, sem stendur hjá honum, getur ekkert séð. Í slíkum tilvikum eru allar líkur á, að um sé að ræða fjarsýn til annars hnattar. Sá sem sér, er skyggn eða ófreskur, á þeirri stundu. Margar frásagnir eru um dæmi þessu lík.

III.

Önnur hliðstæð fyrirbæri — Fjarskyggni — Fjarsýnir

Algengt er að fólk sjái sýnir og lýsi þeim jafnóðum, þótt aðrir viðstaddir sjái ekkert. Svo hefur oft verið, að því er snertir huldufólk, og ýmsar aðrar sýnir.

Mig langar til að segja frá einu dæmi, þessu til skýringar: Voríð 1973 komu hingað til lands frú Grete Ahlberg og Anthony Brooke. Þau eru mjög áhugasöm um flugdiskamál og hafa árum saman starfað á vegum erlendra flugdiskafélaga að rannsóknum slíkra fyrirbæra, og að kynningu á þeim víða um lönd. — Þau dvöldu hér á landi frá 22. maí til 30. maí 1973. Einn daginn ókum við með þeim upp að Kaldárseli, ofan við Hafnarfjörð, og staðnæmdumst þar um stund. Veður var gott en himinn alskýjaður. Við okkur blasti Helgafell, sem er þarna skammt frá. Það má heita alveg gróðurlaust, og svæðið milli þess og Kaldársels er gróðurlausir vikursandar oghraun.

Er við nú höfðum staðnæmst þarna við Kaldársel, sá frú Grete Ahlberg sýn nokkra og lýsti henni fyrir okkur jafnóðum á þessa leið:

„Ég sé fjallið þarna. Það er heilagt fjall. (Ath.: „Holy mountain“ kallaði hún það á enskunni, en ekki höfðum við sagt henni frá nafni þess, að það héti Helgafell, enda kom brátt í ljós, að

það sem hún lýsti var ekki þetta Helgafell okkar eða umhverfi þess heldur eitthvert annað fjall, sem við höfðum ekki fyrir augum). Petta eru í rauninni tvö samliggjandi fjöll og er skarð eða lægð á milli þeirra. (Ath.: Helgafell er eitt einstakt fjall og ekkert skarð í því.) Ég sé heiðan himin milli þessara tveggja hnúka og yfir þeim. (Ath.: Eins og ég gat um var loft alskýjað, og sást hvergi í heiðan himin.) Fjallið í heild er vaxið gróðri. Petta er ákaflega fagurt fjall, og frá því stafa góð áhrif. Og nú sé ég fagurt hús. Það stendur undir fjallinu, og ekki mjög langt frá okkur. Það er mikill gróður kringum þetta hús. Ég sé fólk nálægt húsinu. Það er eins og það sé að vinna eitthvað við jarðrækt eða við gróðurinn, sem þarna er alls staðar. (Ath.: Eins og ég gat um, þá var þarna fyrir sjónum okkar hinna, ekkert nema auðn og gróðurleysi.) Petta er dásamleg fugurð, sem við mér blasir og eins og mikil helgi hvíli yfir þessum stað. — En nú er eins og þetta dofni allt. — Nú sé ég þetta ekki lengur. — Ég sé bara gróðurlaust fjall og sandauðnir hérna í nágrenninu.“

Petta er lýsing á sýn, sem þessi kona sá, og lýsti fyrir okkur. Telja má alveg víst, að þarna hafi verið um fjarsýn að ræða. Á meðan á þessu stóð, var hún með opin augu. Við báðum hana að loka þeim, til að komast að því, hvort það breytti nokkru. Hún gerði það, og kvaðst sjá allt jafn skýrt fyrir því, og hélt áfram lýsingu sinni á hinu framandi umhverfi, eins og ég heft haft eftir henni hér að framan.

Undarlegt finnst okkur að slíkar sýnir sem þessar, skuli geta átt sér stað. Vakandi fólk með opin augu, sér landslag og atburði, sem eru að gerast einhvers staðar í fjarlægð, annað hvort á okkar jörð, eða á einhverjum öðrum byggðum hnetti. Vegna þess að sýnin á sér stað í vökuástandi, er algengt, að hið ófreska fólk setji sýnina í samband við það landslag, sem við augum blasir. Pannig er það oftast með huldufólkið svokallaða, að það er sett í samband við kletta og hóla, af hinu skyggna fólk, vegna þess að það hefur þetta landslag fyrir augum, að meira eða minna leyti, jafnframt því sem hin framandi sýn (huldufólk og annað) berst því, fyrir samband við fjarlægan sýngjafa.

Fyrir kemur þó, að tveir eða fleiri sjá sýnina samtímis, og er þá vel hugsanlegt, að um sé að ræða framkomu líkamnings, eða efnun hlutar eða manns eins og áður er getið. Mun oft þannig vera um hina „fljúgandi diska“ sem sjást í lofthveli jarðar okkar, og um einhverja af áhöfnum þeirra, sem stundum hitta menn að máli,

eftir því sem ýmsar frásagnir greina, og ekki er hægt að þvertaka fyrir, að geti átt sér stað og hafi átt sér stað.

Með hinn nýalska heimsskilning að leiðarljósi er ekkert, sem mælir á móti miklu stórkostlegri samböndum og samskiptum við lengra komna íbúa fjarlægra sólhverfa, en enn hefur verið kostur á. Og sem flestir þurfa að gera sér grein fyrir því að einungis þaðan er að vænta þeirrar hjálpar, sem duga mun, til að lyfta mannkyni okkar úr því hörmungarástandi, sem það nú er í, svo komist verði á sanna framfaraleið.

IV.

Eru flugdiskaheimsóknir vinsamlegar?

Margir munu velta því fyrir sér hvers vegna fljúgandi diskar birtist hér við okkar jörð. Er einhver tilgangur með komu þeirra og ef svo er, hver er þá sá tilgangur. Eru áhafnir þeirra okkur vinveittar eða óvinveittar? Getur koma þeirra orðið okkur jarðarbúum til gagns eða getur okkur stafað illt af þeim?

Hægt er að bera fram óteljandi spurningar, en erfitt er að svara meðan svo lítið er vitað um þessi fyrirbæri og um eðli þeirra.

Ég tel samt mjög líklegt að hugarfar jarðarbúa ráði mestu um það, hvort slíkar heimsóknir séu okkur vinsamlegar eða óvinsamlegar. Munu stilliáhrif og hið almenna afslvæði jarðarbúa hafa hér mikil áhrif á það, hvers konar verur koma hér fram.

Samkvæmt skilningi okkar Nýalssinna hlýtur hér að vera um sambandsfyrirbæri að ræða. Lífsamband milli hnatta alheimssins er það sem gerir slíkar hamfarir mögulegar.

Ingvar Agnarsson.

*(Eirindi flutt í Norræna búsinu
14. mars 1975.)*

M Y R —

Spekiorð frá ýmsum tímum

- Par sem ljósið er skærast, er skugginn dýpstur. — *Goethe.*
- Pegar ein hurðin lokast, opnast önnur. — *Cervantes (1547—1616. Spánskur rithöfundur).*
- Allt einskisnýtt flytur ofan á. — *Erik Bögh.*
- Ljósið er skuggi guðs. — *Plato.*

Nokkur orð um hugsanlegan ferðamáta svo kallaðra fljúgandi diska

Harla erfitt virðist að leiða algjörlega hjá sér eða afneita tilveru hinna svokölluðu fljúgandi diskar. En hvaðan eru þá þessi fyrirbæri komin og hvers eðlis eru þau?

Svo sem vonlegt er, verður mönnum helst að ætla, að þau séu komin hingað frá öðrum hnöttum. Fyrirbæri þessi eru þess eðlis, sé eitthvað á annað borð að marka lýsingar sjónarvotta, að útilokað má telja, að hér geti verið um jarðnesk farartæki að ræða.

Talið er nokkurn veginn fullvist, að vitsmunaverur séu ekki á öðrum hnetti okkar sólkerfis en jörðinni. Það sólkerfi, sem næst okkur er, er í ca. 4ra ljósára fjarlægð og alls ekkert um það vitað, hvort vitsmunaverur byggi einhvern hnatta einmitt þess sólkerfis. Það má því telja mjög ólíklegt, að hinir fljúgandi diskar berist hingað til jarðar með hjálp þess tækniútbúnaðar, sem jarðarbúar hafa enn yfir að ráða, enda benda lýsingar sjónarvotta ekki til þess.

Með því að hafa kenningar dr. Helga Pjeturss til viðmiðunar verður manni helst að ætla, að fyrirbæri þessi (fljúgandi diskar) myndist hér skyndilega í gufuhvolfinu eða efnist, um leið og þau hverfa á heimahnætti sínum, svo sem fram hefur komið í erindi Ingvars.

Ætla ég nú að minnast á nokkra atburði og lýsingar sjónarvotta, sem virðast benda til, að fyrrgreindur tilflutningur hluta eigi sér stað, en þar koma reyndar fleiri atriði en s. k. fljúgandi diskar.

1. Lýsingar sjónarvotta á fljúgandi diskum.

Í skýrslum sjónarvotta kemur oft fram, að útlínur hinna fljúgandi diskar séu óskýrar og er misjafns efnislegs þéttleika þeirra þar stundum getið. Þarna er hugsanlegt, að sjónarvottar hafi orðið vitni að því, er efnun eða myndun þessara hluta á sér stað hér í gufuhvolfi jarðar. Hugsanlegt er einnig skv. þessum lýsingum, að efnun þessara hluta takist ekki alltaf fullkomlega.

2. Hvarf fjölda flugvél og skipa með óútskýrðum hætti á svæði út af austurströnd Ameríku, sem gengur undir nafninu Bermudaþíhyrningurinn. Mun svæði þetta lengi hafa



Myndir teknar úr flugvél í 10.000 metra hæð. Hynek segist geta algerlega ábyrgst gildi þessara tveggja mynda, sem „óþekktra“ fyrirbæra. Samkvæmt skilningi Njáls liggur nokkuð nærrí að ætla að þarna sé um að ræða tilraun til likamningar frá annarri stjörnu.

verið bendlað við slík óútskýrð hvörf, en það er fyrst síðustu 2—3 áratugina, sem svæði þetta hefur farið að vekja verulega athygli, en á þessu tímabili hafa þar átt sér stað um 100 óútskýrð hvörf skipa og flugvéla. Sú skýring, að skip þessi og flugvélar hafi farist vegna illviðris eða slíkra hluta er alls ekki talin nægjanleg. Pessi hvörf hafa — a. m. k. oft — átt sér stað, þegar veðurskilyrði hafa verið góð. Og svo að segja aldrei hefur borist tilkynning um bilanir eða annað óeðlilegt ástand frá þeim flugvélum, sem þarna hafa horfið, heldur hefur sambandið við þær rofnað skyndilega. Þykir sumum þeim, sem reynt hafa að útskýra hvörf þessi, líklegast, að fyrرنefnd farartæki hreinlega hverfi snögglega. Enn hefur a. m. k. ekki komið fram önnur tilraun til skýringar, er skýrt gæti aðdraganda hvarfanna.

3. Vitað er, að á vegum a. m. k. sumra stórvelda fer fram athugun á hinum s. k. fljúgandi diskum. Út á við er reynt að gera sem minnst úr þessari starfsemi, en þó hafa nokkrar upplýsingar um hana borist almenningi til eyrna — ekki hvað síst

í Bandaríkjunum. Sé eitthvað að marka þessar heimildir, þá hefur sú deild innan bandarískra hersins, sem fæst við athuganir á óþekktum fljúgandi hlutum, órækar sannanir fyrir því, að herflugvélar sem sendar hafa verið á loft til nánari athugunar á óþekktum fljúgandi hlutum, hafi horfið skyndilega. Í a. m. k. einu slíkra tilvika er fullyrt, að fylgst hafi verið með hvarfi flugvélar, sem komin var mjög nálægt óþekktum fljúgandi hlut á radarskermi.

4. Þá má geta þess, að fjölmargar — að sjálfsögðu misáreiðanlegar — frásagnir einstaklinga og hópa eru til af hvarfi og myndun (eða efnun) hluta.

Varðandi fljúgandi diskar mætti að lokum nefna hér annað at-riði, sem sjónarvottar telja sig oft verða vara við og sem ekki er hægt að heimfæra undir þá tækni, sem jarðarbúar hafa yfir að ráða, svo vitað sé, en það er, að fyrirbæri þessi virðast lítt eða ekki háð aðdráttarafli jarðar. Og þar eð ég hef einu sinni verið sjónarvottur að slíku fyrirbæri, tel ég nærtækast fyrir mig að til-taka þá reynslu mína sem dæmi.

Sumarið 1966 var ég háseti á trollbát. Eitt sinn snemma um haustið burfti ég að standa innstímið ásamt öðrum vélamanni. Vorum við á siglingu inn Faxaflóann. Sá ég þá allt í einu skært ljós berast með ógnarbraða ofan úr háloftunum og beint niður í stefnu á Keflavík. Vakti ég þegar athygli vélamannsins á þessu og sá hann fyrirbærið lika. Dimmt var, þegar betta gerðist. Þegar ljósið var komið nokkuð nálægt Keflavík, breytti það snögglega um stefnu og baut með ógnarbraða, en bó með skrykkjóttum breyfingum, út Faxaflóann og hvarf sjónum okkar. Ekki vorum við vel í rónni, á meðan við sáum ljós þetta.

Hraði þessa ljósþyrirbærис, svo og hinar skrykkjóttu hreyfingar þess (einnig hin snöggja stefnubreyting, nokkurn veginn um 90°, ekki í sveig, heldur myndaði brautin skarpt horn) útilokar með öllu að hér hafi verið um að ræða (þekkt) jarðneskt farartæki. Um morguninn, er við fórum að ræða þetta, kom reyndar í ljós, að þriðji maðurinn hafði séð ljósið, en hann hafði einmitt burft að bregða sér upp á dekk í sömu mund og ljósþyrirbæri þetta þaut fram bjá okkur.

Með hliðsjón af þeim áhuga, sem hinum s. k. fljúgandi diskum hefur verið sýndur undanfarið, er e. t. v. ekki ótrúlegt, að fyrr eða síðar takist að ná eins konar sambandi við þá. Og slíkt samband gæti sjálfsagt orðið heillaríkt fyrir jarðarbúa, séu einhverjar áhafnir þessara fyrirbæra — sem svo margir fullyrða, að sé ekki heilaspuni — vinveittar okkur. Með þeim hætti gætu jarðarbúar trúlega öðlast einhverja þá þekkingu, sem þeir hafa svo mikla þörf fyrir — ekki síst nú, þegar illa horfir varðandi framtíðina að ýmsu leyti.

Nán í framtíð mun sjálfsagt bera í skauti sér öruggari vitneskju um fljúgandi diska en nú er til staðar.

Ólafur Halldórsson, líffræðingur.
(Flutt á opinberum fundi í Norræna búsinu 14. mars 1975.)

M Y R —

Spekiorð frá ýmsum tínum

- Ég kýs heldur að líða órétt en beita aðra rangindum. — *Plato.*
- Þér stjörnur, — ljóð himinsins. — *Byron*
- Ástin til himinsins gerir menn himneska. — *Shakespeare.*
- Himininn verður að vera í mér, áður en ég get verið í himnum. — *Stanford.*
- Það er betra að haltra alla leið til himinsins en komast þang-að alls ekki. — *Billy Sunday.*
- Öll göslumst vér forina, en sum af oss horfa þó til stjarnanna. — *O. Wilde.*
- Gæskan er löngunum æðri. — *Kinverskt spakmæli.*
- Guðsmynd vor er ást vor á sarinleikanum og réttlætinu. — *Demosþenes.*
- Margir gætu orðið vitrir, ef þeir héldu ekki fyrirfram að þeir væru það. — *Óþekktur höfundur.*

Fljúgandi diskar yfir Norðurlöndum

„Fljúgandi diskar“ hafa sést í óvenjulega ríkum mæli yfir Norðurlöndum í vetur — og munu reyndar ýmsir telja hið sama hafa verið að gerast hér, þótt furðu endasleppur hafi allur fréttalutningur af því orðið.

Óþarf tætti að vera orðið að kynna það hver geti verið undirrót slíkra fyrirbæra, því að það mun vera orðið all-almennt að menn geri sér grein fyrir að um líkamninga frá öðrum hnöttum geti verið að ræða. Lífgeislun frá öðrum hnöttum er það sem ég hygg að skapi þessi fyrirbæri, stundum sem bjarma eða byrjandi myndun, sem aðeins einn eða fáir sjá — en stundum sem heilsteypt fyrirbæri, sem fjöldi manna leggur orku sína til um leið og það birtist. Án slíkrar orkugjafar — orkugefandi stilliáhrifa — gætu hinir „fljúgandi diskar“ ekki myndast. En hins vegar mun vera alveg óhætt að ganga framhjá þeirri skoðun, að betta séu farartæki, sem silast áfram með hætti jarðneskra geimferðatækja.

Samkvæmt ósk nokkurra áhugasamra Nýalssinna hef ég þýtt eftirfarandi frásögur af „fljúgandi diskum,“ sem birtust í dönsku blöðunum Ekstrabladet og Jyllandsposten 25. og 26. ágúst 1974 og munu vera ritaðar sín af hvorum blaðamanninum eftir konu þeirri sem frá er sagt.

Það kemur fram í frásögnunum, að áhrifin af að sjá þetta fyrirbæri voru ekki án óþæginda fyrir konuna, sem sá, en einmitt bess vegna er sönnunarmáttur þeirra meiri. Ég tel víst, að þessi óþægindi stafi ekki frá upphafi þessara fyrirbæra eða fyrstu heimkynnum, heldur stafi þau í sambandi við hugarfarið sem fyrirbærin eiga að mæta (í stilliumhverfi sjónarvottanna). — Hans Lauritzen, flugdiskamaður í Danmörku, gekk í gegnum miklar brautir, eftir að honum hafði vitrast slíkt fyrirbæri (í skógarför). En boðskapurinn, sem hann tók við, var eitthvað á þessa leið: *Vinsamlegast revndu að hjálpa mannkyninu.* Ekki mun sá boðskapur vera kominn frá verri stöðum. Þórður Jónsson á Látrum og kona hans munu hafa verið bau einu af Barðstrendingum, sem urðu fyrir óþægilegum áhrifum af ljósínu, sem þar sást haustið 1973. Giska ég á stilliáhrif frá Reykjavík í því sambandi.

En víkum nú að reynslu frú Guðrúnar F. Rasmussen, húsmóður í Örbæk á Austur-Fjóni — eins og frá henni er sagt í Ekstrablands-grein þeirri, sem áður er getið.

Hið hnattlagu bláa fyrirbæri og ljósið undurskæra.

„Pegar vélin í Fólkvagninum mínum var að stansa, hugsaði ég að nú væri eitthvað komið í blöndunginn. Ég steig á hemlana og beygði út í vegarbrún. Samtímis slokknaði á ljósunum, en í ca. 25-30 m fjarlægð framundan mér birtist einhver hnattlagu mjög bjartur hlutur, blár að lit. Pað hitnaði skyndilega í bílnum og varð eins og á heitum sumardegi. Pað var eins og ég gæti hvorki hreyft legg né lið fyrst eftir að þetta hafði fyrir mig borið.“

Í dag er vika liðin síðan frú Guðrún F. Rasmussen í Örbæk á Austur-Fjóni sá í fyrsta sinn á ævi sinni „fljúgandi disk“. Lýsing hennar samsvarar í einstökum atriðum þeirri lýsingu sem löggregluþjónn á Suður-Jótlandi létt hafa eftir sér fyrir fimm árum, og nýlega var rifjuð upp í þættinum „Vitnisburður frá liðnum tíma“ í danska sjónvarpinu. Að einu leyti ber reynslu þeirra ekki saman, nefnilega því, að frú Rasmussen varð veik og er enn ekki alveg búin að ná sér.

Ég hló að öðrum.

„Ég hef nú ráðið það af, að koma fram og segja frá því sem fyrir mig kom“ segir frú Rasmussen við blaðamenn Ekstrablaðsins. „Petta er ekki af því að mig langi til að vekja athygli á sjálfri mér, heldur af því að ég hef sannfærst um, að hér er um að ræða afl, sem nauðsynlegt er að rannsaka og athuga vandlega.“

Fram að miðvikudeginum í fyrri viku gerði ég aðeins gys að því, þegar einhverjir frændur eða vinir játuðu, þegar um slíkt var rætt, að þeir „tryðu á fljúgandi diska.“ Ég sagði, að þau ættu ekki að vera að láta nokkurn mann heyra þetta eftir sér.

Á miðvikudagskvöldið ók ég dóttur minni til lýðháskólans í Ryslinge, en þar er hún nemandi. Á heimleiðinni var það, sem þetta bar fyrir mig.

Bíllinn fór að „hiksta“ við Lindeskov rétt hjá Örbæk, þar sem ég bý. „Nú er það blöndungurinn“ hugsaði ég. Ég hemlaði og sammundis slokknuðu ljósin á bílnum. Ég sá hið hnattlagu, bláa fyrirbæri framundan bílnum í tvær eða þrjár sekúndur. Ljósið var svo skært að ég gerði mér ekki grein fyrir neinni lögum þess sem það kom frá. Mér fannst eins og ég hefði blindast. Eins skjótt og það hafði komið eins skyndilega hvarf það. Og þá er komið að því sem mér þykir raunar stórfurðulegast af þessu öllu.

Veikindin.

Um leið og bláa kúlan hvarf, kvíknuðu ljósin aftur á bílnum,
vélín komst í gang og bíllinn rann af stað!

Á heimleiðinni varð ég þess vör að það var farið að stríkka á
hörundi mínu í andlitinu. Um leið og ég kom inn sá maðurinn minn
á mér að eitthvað hefði komið fyrir.

Hann hélt að eitthvað hefði komið fyrir bíllinn hjá mér og að ég
þyrði ekki að segja frá því.

Um kvöldið kófsvitnaði ég hvað eftir annað, fékk megna klígjut-
tilfinningu, uppköst og niðurgang. Ennfremur fékk ég einkenni-
legan sviða í andlitið og fannst mér eins og stæðu í því þúsundir
örsmárra nála. Fjórir dagar liðu áður en þessi sviði hvarf úr and-
litinu, og klígjutilfinningin er enn í mér. Sem betur fer er ég á
góðum batavegi.“

Ummerki á bílnum.

Fólksvagn frú Rasmussen er rauðmálaður, en nú er kominn blá-
leitur bjarmi á þak hans. Sendimenn frá flugdiskafélögum hafa
rannsakað vagninn og sannfærst um, að blái liturinn stafar ekki
frá neinu sem hafi komist ofan í lakkið á bílnum, heldur er hann
bundinn við óhreinindi og ryk sem er ofan á lakkini. Með berum
augum má sjá bláar rákir sem stefna í þá átt sem frú Rasmussen
segir að hluturinn hafi horfið.

„Í þessari ferð, þegar þetta bar fyrir mig, var ég með prjóna-
húfu á höfðinu. Lokkur sem kom framundan húfunni er getsam-
lega dauður. Dóttir míni sem er orðin hárgreiðslustúlka, sagði við
mig — án þess að hafa heyrt neitt um það sem gerst hafði: „En
mamma, hvað hefur komið fyrir hárið á þér?“

Mennirnir frá flugdiskafélaginu, sem töluðu við mig, telja að
ég hafi orðið fyrir einhvers konar geimgeislun.

Ég vil enn endurtaka, að ég er ekki að segja frá þessu til þess
að láta á mér bera. Ég hef enga þörf fyrir slíkt. En mér virðist að
svo merkilegit hlutir séu að gerast okkar á meðal, að ekki megi láta
hjá líða að segja frá því þegar slíkt kemur fyrir sem ég varð þarna
vitni að og næsta áþreifanlega vör við.

Ekstrabladet, 26. febrúar 1975.

Frásögn Jyllandspostens.

Eftirtektarvert hefur það mörgum þótt hversu tvær frásagnir
af sama atburðinum geta verið ólíkar, og geta þó báðar verið rétt-

ar svo langt sem þær ná. Í Jyllandsposten er það greinilega annar blaðamaður sem hefur átt samtal við frú Rasmussen, en úr frásögn hans þýði ég aðeins það sem segir frá ljósinu.

„Hún renndi vagninum út í vegarbrún og nam staðar. Í sömu svifum flaug eitthvað stórt hnattlaga fyrirbæri þarna yfir og kom það aftan að bílnum. Það var blátt á litinn og bar af því skæra birtu. Konan segir að þessum lit treysti hún sér ekki til að lýsa, því að hún hafi ekkert til samanburðar. Stuttu síðar hvarf ljósið ásamt hlutnum. Hitinn í bílnum var að verða óþoland. Þegar hún reyndi að setja bílinn í gang að nýju gekk það eins og ekkert hefði komið fyrir. Um stærð fyrirbærисins segir hún að það hafi verið „eins og það tæki yfir alla framrúðuna, enda þótt það hljóti að hafa verið í um fimmtíu metra fjarlægð.“

Jyllandsposten, 25. febrúar 1975.

„Hljóti að vera.“ Þetta er einmitt það sem einkennir svo margar frásagnir af þessum hlutum, að stærðar- og fjarlægðahlutföllum verður ekki auðveldlega komið saman. En það er einmitt það sem vænta má um fyrirbæri sem eru að meira eða minna leyti fjarsambandseðlis.

*Porsteinn Guðjónsson
tók saman og þýddi.*

MYR — Hinir vitru sögðu:

- Ég þekki stríðið — og hata stríð. — *F. D. Roosevelt.*
- Fegursta blóm jarðarinnar er brosið. — *H. Wergeland.*
- Hin lengsta ferð byrjar með einu skrefi. — *Kínverskt.*
- Málið er búningur hugsananna. — *Johnson.*
- Leiddu hinn blinda yfir brúna. — *Kínverskt orðtak.*
- Vér fengum málið til þess að leyna hugsunum vorum. — *Talleyrand.*
- Pú mátt ekki láta af að gera rétt, þótt aðrir dæmi rangt. — *Epiktet (Grískur heimspekingur).*
- Pað er góður prestur, sem fer eftir eigin kenningu. — *Shakespeare.*

Geimför frá stjörnunum og sambandsmálín

I.

Mér var að berast í hendur síðasta eintak af félagsblaði Nýals-sinna og heitir fyrsta greinin þar: „Meiri framför“. Þar segir höf-undurinn, Kristleifur Þorsteinsson m. a.: „Enn hefur ekkert það gerst, sem gefur von um, að við séum nær því að ná hagnýtum stjörnusamböndum.“

Pegar ég las þessi orð datt mér í hug, hvort við gætum nú verið viss um það, því einmitt síðustu árin hafa gerst fyrirbrigði hér á vorri jörð sem að dómi færstu sérfræðinga benda eindregið til afskipta frá öðrum stjörnum. Á ég þar við hina svokölluðu fljúg-andi diska, nafn sem þó er að dómi þeirra, sem mest og best hafa athugað þessi fyrirbrigði, er mjög illa valið.

Flugstjórnin bandaríksa hefur jafnan safnað saman og skrásett eftir sjónarvottum, allar sögur sannanlegar um þessi fyrirbrigði þar í landi, og fyrir rúmum tveimur árum fékk amerískur maður, Major Keyhoe leyfi til að kynna sér plögg hennar um þessa hluti, og skrifaði hann síðan bók um málið. — Þar segir hann m. a., að því háttsettari menn sem hann talaði við um þessi fyrirbrigði, því alvarlegar hafi þeir tekið þau. Óbreyttir liðsmenn hafi hlegið og sagt þetta hugarburð og vitleysu eina, en æðsti yfirmaður loftvarnanna hafi verið mjög alvarlegur á svíp, þegar hann ræddi um þessa hluti, og sagt í einlægni að það væri aðeins ein skýring möguleg á sumum þeirra, þetta væru hlutir af öðrum en jarðneskum uppruna.

Og nú nýlega barst mér þýskt blað, Deutsche Illustrierte, með grein eftir prfessor Oberth, sem kynntur er þannig fyrir lesendum, að verk hans hafi verið brautryðjandi á sviði fjarstýrðra flugskeyta, og er hann nefndur sem höfundur að fullkomnasta leynivopni Þjóðverja í síðustu styrjöld. Grein þessi heitir: „Við erum athuguð“, og þar rekur hann í stuttu máli allt það sem sagt hefur verið gegn þessum málum og hrekur það. Niðurstöður hans eru þær sömu og yfirmanna bandaríksa flughersins, að það séu einhver öfl utan jarðarinnar, sem ráða yfir tækni okkar fremri, sem eru að fylgjast með hvað hér er að gerast.

Það yrði of langt mál að rekja innihald greinar pf. Oberths hér, en niðurstaðan er sú, að hann heldur að þessir Úraníðar, sem hann

vill kalla svo, nafnið dregið af grísku orðinu Úranos, sem þýðir himinn, geti ekki komið frá neinni reikistjörnu í okkar sólkerfi, heldur hljóti þeir að koma lengra að.

Hann lætur sér detta í hug að þroskaðri verur í fjarlægu sólkerfi, jafnvel í annarri vetrarbraut, hafi tekið eftir að vitsmunaverur á vorri jörð, sem hafi þroskað vitið á kostnað manngildis og siðgæðis, hafi komist upp á lag með að kljúfa atómið, og þar með leyst úr læðingi krafta, sem gætu orðið örlagaríkir fyrir okkar hnött, og jafnvel langt út fyrir okkar sólkerfi. Í stuttu máli, hér búi verur, sem leiki sér að reginöflum tilverunnar, en standi í siðferðilegu tilliti á stigi óþroskaðra barna, og geti því farið sjálfum sér og öðrum að voða. Því reyni þeir að fylgjast með því sem hér gerist, og hjálpa eftir því sem þeir geti.

Mundi þetta ekki geta verið samrýmanlegt kenningum Nýals? Og væri ekki hugsanlegt, að slíkar vitsmunaverur á fjarlægri jarðstjörnu hefðu tekið eftir vaxandi viðleitni á vorri jörð til að skilja þá hluti er máli skipta, og þess vegna reyndu þeir að senda hjálp?

Eitt er sameiginlegt öllum frásögnum af þessum fyrirbærum, þau hreyfast alveg hljóðlaust, m. ö. ó. þau setja loftið ekki á neina hreyfingu, og eiga það sameiginlegt flestum líkamningsfyrirbærum. Ein uppástunga um lausn á þeim, sem pf. Oberth tekur til athugunar, er sú, að þetta séu í raun og veru líkamningar, en hann svarar því aðeins, að fyrst vilji hann leita skýringa sem samrýmist efnisheiminum, og þá að þetta séu verur annarra veralda, áður en hann grípur til slíkrar lausnar. En má nú ekki vera, að þessar fullkomnari verur geti á einhvern hátt byggt sér upp sjáanlega farkosti hér við jörðina með aðstoð miðla eða annarra manna, er hafi hæfileika til að veita slíka aðstoð? Mundi það ekki vera skýring Nýalssinna, og að líklegasta lausnin sú, að þetta séu því heimsóknir frá öðrum stjörnum, eða tilraun til að ná hagnýtum stjörnusamböndum.

*Ingibjörg Björnsson
(ritað 1955)*

II.

„Fljúgandi diskar“ tel ég að séu líkamningafyrirbrigði frá öðrum hnöttum, og má segja að Ingibjörg Björnsson hafi orðið fyrst til að sjá fram á þetta hér á landi og setja það í samband við hina íslensku heimsfræði, eins og ofanrituð grein hennar frá árinu 1955 ber vitni. Hún hefur þetta að vísu eftir próf. Herman Oberth

að þannig gæti þetta verið. En með því að setja þetta í samband við hina íslensku heimsfræði verður miklu meira úr því en ella. Þess vegna er frumkvæði Ingibjargar í þessu efni þess vert að á það sé minnst og í minnum haft.

Ég var ekki við því búinn að taka eindregið undir með Ingibjörgu árið 1955. Einhvern veginn óx mér í augum að segja hreint og beint: „Þetta eru líkamningarfyrirbrigði frá öðrum hnöttum, og ég efast ekki um að því er þannig farið.“ Þá dáð sem þurfti til að segja þetta hafði ég ekki í mér.

En eftir því sem þroski minn óx og ég kynntist betur því sem þarna er um að ræða, sannfærðist ég betur um að þessi væri lausnин. Og nú er ég ekki í nokkrum vafa um það, að „diskarnir“ eru oftast sambandsfyrirbrigði.

Að hve miklu leyti diska-fyrirbrigðin séu góðkynjuð og að hve miklu leyti ekki, er mál sem vert er að hugleiða. Mér virðist, eftir frásögnum, að því meir sem sú hugsun er vakandi í stilliumhverfinu, að fyrirbærið stafi frá öðrum hnöttum, — þegar þau koma upp — og því skynsamlegar sem hugsað er í þá átt, því meiri ljómi og birta verði um það. En fjötrar dulrænunnar eru sterkir. Þegar menn fara að ímynda sér að „diskarnir“ komi úr „fjórðu víddinni“, „fína efninu“ og öllu því, hnignat þeim, mótsagnir koma upp og ýmist fjarla þau út eða verða að ófognuði. Baráttan milli ljóss og myrkurs, er, á þessu svíði eins og öðrum, baráttu um vald þekkingar eða vanþekkingar, upplýsingar eða formyrkunar. En þegar stillar og áhrifavaldar flugdiska og hverra annarra sambandsfyrirbrigða fara að vita af sambandi sínu við aðra hnetti, rofar til í þokunni og mannkynið vaknar til nýrrar meðvitundar um stöðu sína. Og þá verður ekki lengur talað um „Fljúgandi diska.“

Porsteinn Guðjónsson.

M Y R —

Kjarnyrði og spakmæli úr ljóðum Gríms Thomsens

Trúa þeir hvor öðrum illa,
enda trúðu fáir báðum.

En — ævintýrsins undir hjúpi,
alvara býr þar í djúpi.

Nokkur höfuðrit um „fljúgandi diska“

Meðal hinna fyrstu atkvæðamanna sem létu til sín heyra um málefni hinna „fljúgandi diska“ var *Donald E. Keyhoe*, höfuðsmáður í bandarískra flughernum. Skriffaði hann nokkrar bækur um málið. (Fljúgandi diskar eru til, 1950, Fljúgandi diskar frá öðrum hnöttum eða: Fl. diskar utan úr víðgeiminum, 1953 o. fl.). Vöktu þær gífurlega athygli, en einnig stofnaði hann rannsóknarnefndir.

Annar sem frægur varð á þessari öldu fyrirbrigða, meiri sambandamaður en Keyhoe, en minni rökhyggjumaður, var *George Adamski*. Hvar sem hann kom spruttu fram „fl. diskar“. Auðvitað hafði hann ekki hugmynd um að það voru stilliáhrif hans og fylgjenda hans sem þarna komu til greina, en því ríkari var sú tilfinning hans, að diskarnir ættu sérstakt erindi við hann sjálfan. Þegar Adamski dó árið 1964 átti hann fjölda aðdáenda víða um jörð. Bækur hans finnst mér ólæsilegar og óáreiðanlegar. En hann átti reyndar mikinn þátt í útbreiðslu þessara mála. Æg efast reyndar um gagnsemi þeirrar útbreiðslu.

Í Evrópu var *Dr. Hermann Oberth* einn hinn merkasti og skynsamasti formælandi „diskanna“.

Á Ítalíu skriffaði *Dr. Alberto Perego* um þá bók og kallaði: *Sono Extraterrestri* (þeir eru frá öðrum hnöttum). — Á Norðurlöndum var flugdiskahreyfingin lengi öflugust í Danmörku (SUF OI). Meðal merkra höfunda hreyfingarinnar má nefna *Hans Lauritzén*, (Frederiksberg UFO-Studiekreds). Meðal hinna merkustu nýrri bóka um fyrirbærin er ein eftir *J. Allen Hynek*, stjörnufræðing: *Reynsla manna af UFO-* (flugdiska-) *fyrirbærum* (The UFO-Experience 1972—3). Um hana hefur verið sagt að hún sé bókin sem skapaði fyrirbærinu virðingu vísindamanna yfirleitt. — En ekki er allt virðingarvert sem kemur út um þessi efni, en það er meira að magni en flestir gera sér í hugarlund áður en þeir fara að leggja eyrun við slíku, og tel ég nokkurn veginn víst að flugdiskahreyfingarnar hafi tekið til sín mikið af þeim áhuga, sem annars hefði beinst að beinum samböndum við önnur mannkyn, ef áhrifa sannrar heimspeki hefði náð að gæta með mannkyninu.

Porsteinn Guðjónsson.

Hvað eru fljúgandi diskar?

Hvað eru fljúgandi diskar? Hvaðan koma þeir og hvert fara þeir? Eru menn um bord eða eru þeir fjarstýrðir? Með hvaða hraða ferðast þeir og hvernig ferðast þeir?

Getur það verið hugburður þegar fólk segist hafa ferðast með FFH? (Fljúgandi furðuhlutum). Eða ímyndun þegar fólk segist hafa séð aðra hverfa um bord í eitthvert skínandi far, sem síðan geysist til himna?

Eða þegar tugir manna sjá FFH á sama stað og sama tíma?

Í bókinni „The Interrupted Journey,“ eftir John G. Fuller er saga sem segir frá manni og konu sem ferðuðust með FFH. Pau voru nött eina akandi úti í sveit í Bandaríkjunum þegar eitthvað skeði, að þeirra sögn, sem þau áttu mjög erfitt með að muna eða skýra frá. Peim leið mjög illa bæði líkamlega og andlega eftir að þetta „eitthvað“ hafði gerst. Manninum leið afar illa í kviðarholi og hálsi. Pau leituðu læknis, sem síðan sendi þau til sálfræðings, sem hafði upp úr þeim söguna með aðstoð dáleiðslu. Pau höfðu tekið eftir mjög skærum og glóandi hlut sem sveif fyrir ofan og aftan bílinn þeirra og fylgdi þeim fast eftir. Pau stöðvuðu bílinn og þetta far settist á jörðina skammt frá þeim. Þá sáu þau að þetta var fljúgandi diskur. Pau sáu að hann hafði „kýraugu“ hringinn í kring og að birtumagnið sem kom af disknum jókst og minnkaði í sífelli. Út úr diskinum komu nokkrir menn og sóttu þau og fóru með þau inn í diskinn. Síðan voru þau aðskilin og rannsokuð frá hvirfli til ilja, sérstaklega mun maðurinn hafa verið athugaður vandlega. Eftir þessa rannsókn var þeim leyft að fara og snéru þau til bíls síns og óku á brott, — án þess að vita hvað hafði í rauninni gerst.

Margar sögur eru til af þessu tagi en ég læt þessa nægja í bili. Að endingu langar mig til að ljúka þessu með því að vitna í orð dr. Helga Pjeturss: „Samstillt þjóð, þó að ekki væri nema 100.000 talsins er máttugri en ósamstillt, þó að 100 milljónir væri.“


Karl E. Vernharðsson.

Hringfarið undarlega

Það mun hafa verið fyrir nærfellt 20 árum í kringum 20. september að ég kom framan af Vaglarétt í Glæsibæjarhreppi — en það er skilarétt hreppsins — fyrstu löggöngur voru þennan dag. Veður var hið besta, heiðskír himinn, logn og blíða. Petta er um kl .7 að kveldi og sól að því komin að setjast bak við fjallgarðinn vestan Hörgárdals. Ekki man ég nú lengur hvernig á því stóð að ég kom fjárlaus af réttinni — hefi líklega fengið það flutt með bíl fyrr um daginn, en verið sjálfur til réttarloka og e. t. v. verið að bíða eftir úrtíning og öðrum réttum. Ég mun hafa fengið bílfærð hluta leiðarinnar, en ég kom gangandi síðasta spölinn, eða um það bil 1 km.

Pannig háttaði þá til, að af þjóðveginum frá Akureyri til Dalvíkur (nú svonefndum Ólafsfjarðarvegi) var rúmlega 1 km leið heim til míni og var þá aðeins ruddur vegur heim og lá eftir sléttum melum heim undir Vallargarð. Ég gekk nú sem leið lá norður melana (kallaðir eru í daglegu tali Hlöðumelar). Er ég kom, þar sem þeim sleppti, um 300 m sunnan við túnið, en þar töku við hrísmóar sem nú eru orðnir að túni, tók ég eftir einkennilegu fari til hliðar við götuna í um það bil 10—15 m fjarlægð. Petta var á lágu melbarði þar sem mýrardrag skerst inn í melana neðan frá ánni, en melar þessir munu vera fornir sjávarkambar og sér fyrir þeim beggja megin ár. Breidd þessa bardös frá draginu að hrísmónum, sem þá var, mun hafa verið á að giska um 20—30 m á þessum stað.

Far þetta var alveg hringlaga og var líkt og plægð hefði verið rás ofan í melinn mjög hnitmíðað og reglulega, um það bil 15—20 cm djúpt og heldur breiðari. Hafði jarðvegur sá er upp kom úr þessu „plógfari“ lagst mjög reglulega til hliðar og myndaði ávalan hrygg á börmunum. Þvermál þessa hrings að ystu brún mun hafa verið um 3 m. Mér datt fyrst í hug að þetta væri far eftir beltadráttarvél og hefði hún snúið þarna á punktinum, en sá jafnskjótt að það var fráleit hugmynd því að hvergi var nokkurt far að sjá út frá hringnum. Melarnir voru sléttir og óhreyfðir allt í kring og eins innan í þessum litla hring og hringurinn eins og ég leit hann þarna um kveldið var líkt og dreginn með sirkli svo nákvæmur var hann og ég vil segja fallegur. Þá datt mér í hug sú skýring og ég hefi ekki aðra skýringu enn í dag, að eitthvert áhald, verkfæri, eða *farartæki* sem kæmi ofan úr loftinu og færi



Soyabaunaakur i Iowa. Bóndadætur tvær sáu „disk“ fara með hvin miklum frá bænum, kvöld eitt þegar þær horfðu út um gluggann, og staðaði frá þessum diskum rauðgulu ljósi frá geislandi bring ofarlega á blutnum. Morguninn eftir sá bóndi þessi ummerki á akri sinum. Þegar Hynek skoðaði akurinn nokkru síðar, bar baunagrasíð merki þess að hafa skrælnað af hita, en ekki þess að hafa brotnað né heldur virtist nokkur blutur hafa snert jörðina á þessum stað. Samanber: Hringfarið undarlega.

þá sömu leið af staðnum hefði gert þetta far. Þegar mér datt þetta í hug, þarna á staðnum, kom yfir mig einhver annarleg tilfinning og ég var líkt og utan við mig smástund. Ekki get ég lýst þessari tilfinningu eða ástandi, en ekki var það ólíklegt, sem eitthvað tæki mig heljartökum svo að mér hálfpartinn hrysi hugur við, en ég man að mér komu í hug „fljúgandi diskar“ og mun ég hafa hraðað mér heim og ekki nefndi ég þetta þá við neinn. Þetta far sást þarna nokkurn tíma en smáeyddist af veðri og vindum uns það hvarf loks um 1960 er upphleyptur vegur var lagður yfir melana. Mér varð oft gengið að þessu fari síðar er ég átti þar leið um og aldrei gat ég látið mér í hug koma aðra skyringu á tilkomu þess.

Pess ber að geta að ég fór um þessar slóðir að morgni sama

dags við fjársmölnun og hlyti ég að hafa tekið eftir farinu hefði það verið komið þá. Þetta var allfjölfarin leið af heimafólki og raunar fleirum og mátti segja að farið væri eftir þessum götum daglega. Eitthvað ræddi ég þetta seinna við einhverja, en ekki vakti það áhuga.

Allt er þetta skrifað eftir minni og hefur mig oft iðrað þess að hafa ekki mælt farið nákvæmlega og skrifað niður lýsingu á því og á atvikum þeim er það fannst. Mál eru því ekki nákvæm en mun þó ekki skakka þar miklu.

Hlöðum í Hörgárdal, 8. júlí 1974.

Stefán Halldórsson.

M Y R —

Kjarnyrði og spakmæli úr ljóðum Gríms Thomsens

Ef halda viljið lífsins láni
lifið þér eins og Porkell máni.

Komist Loki upp úr Kötlugjá,
ég kvíði fyrir að heyra og sjá.

Hafs á botni flest er fyrðum hulið,
fáar berast mönnum þaðan sögur.

En — á bjartan orðstír aldrei fellur,
umgjörðin er góðra drengja hjörtu.

Aldrei deyr, þótt allt um þrotni,
endurminningin þess, sem var.

Að hinu vonda langt ei þarf að leita,
liggur það nær en fjöldinn hyggja mundi.

Furðulegt ljós fyrirbæri

Árman Gunnarsson dýralæknir í Svarfaðardal sagði blaðinu eftirfarandi:

„Um klukkan 9 á þriðjudagskvöldið 4. mars sl. var ég á ferð í læknisvitjun fram í Svarfaðardal. 14—15 stiga frost var, heiðskírt og stjörnubjart. Skammt framan við Urðir tók ég eftir sér-kennilegu ljósi, sem kom úr suðurátt, sem mér virtist yfir svonefndum Vatnsdal og lækkaði það mjög ört. Ég ók áfram en fylgdist vel með ferðum ljóssins. Neðan við Klaufabrekkur stöðvaði ég bílinn, drap á vélinni og fór út. Var þetta ljós fyrirbæri komið mjög neðarlega, að mér virtist í um 200 metra frá jörðu og 1—2 km frá mér. Þó var erfitt að átta sig á fjarlægðinni.

Nú var ljósið hætt að hrapa en breytti um stefnu og hélt inn Skallárdal. Virti ég ljósið fyrir mér í á að giska fimm mínútur, reyndi að hlusta eftir hljóði frá því en heyrði ekkert.

Einna helst líktist þetta tveim stórum gluggum, nálægt hvor öðrum, með mjög miklu ljósmagni (meira en á bæjunum í kring) þó var ekki að sjá, að það sendi geisla til jarðar eða á fjöllin til hliðar, en það bar í fjöllin og virtist fara sem næst miðjum dalnum.

Ók ég nú í Hæringssaði því þangað var ferðinni heitið. Kom Sigurður bóndi Jóhannsson þar út og benti ég honum á ljósið, sem þá var komið talsvert langt fram á Skallárdal. Sýndist honum þetta fyrst vera stjarna, en áttaði sig fljótt, þar sem þetta var á hreyfingu og sendi frá sér gulara ljós en stjörnurnar. Horfðum við á þetta nokkra stund og ræddum um það, hvað hér gæti verið á ferðinni. Kom okkur saman um, að hér gæti ekki verið um að ræða flugvél eða þyrlu, enda voru engin blikkljós eða lituð ljós sýnileg. Þó þótti okkur einsýnt, að ferðum þessa fyrirbæris væri stýrt eða stjórnað. Fórum við síðan inn, en skömmu síðar þurfti Sigurður út aftur og sá hann þá ljósið hverfa vestur úr Skallárdalsbotninum. Líklega hafði liðið 25—30 mínútur frá því ég fyrst sá ljósið, þar til Sigurður sá það hverfa.

Daginn eftir hringdi ég í flugturninn á Akureyri og spurðist fyrir um, hvort hugsanlega gæti verið um venjulega flugvél að ræða. Þar var mér tjáð, að slíkt væri útilokað.“

Dagur, Ak, 12. mars 1975.

Ljóð

Huldarmál frá horfinni tíð

VIÐ ORUSTUHÓL

Eitt sinn kom ég að Orustuhól,
og var líðið degi,
lagði ég mig undir lítið ból,
langt mér þótti eigi.

Sá ég hvar í gljúfrum grá
gluggur stóð á móti;
maður kom út í möttli blá
með miklu skúfaspjóti.

Að mér kastar orðum hraðr,
þá aðrir voru að snæða:
„Sofðu ei lengur, sæmdarmaðr;
um svik er verið að ræða.“

GAMALL MAÐUR KVEÐUR
Pessar klappir þekkti ég fyr,
þegar ég var ungur;
átti ég viða á þeim dyr,
eru þar skápar fallegir.

ÁLFASTEF

Út ert þú við eyjar blár,
en eg er setztur að Dröngum,
blóminn fagur kvenna klár
kalla ég löngum,
kalla ég til þín löngum.

KVEÐID Í BJARGI

Faðir minn átti fagurt land,
sem margur grætur,
því ber ég hryggð í hjarta mér
um daga og nætur.

Draumar

DRAUMUR UM MYNDUN LÍKAMNINGS

I.

Ég var stödd í nokkuð stóru herbergi. Stór ferringur í miðju gólfins var aðgreindur með rímlahandriði að nokkru leyti og var miðja gólfins um það bil einu þrepri neðar en hinn hluti gólfins. Fleira fólk var þarna í herberginu og stóðum við öll utan þessara rimla. Fannst mér ég skynja hvað væri í aðsigi. Horfði ég svo á mannveru myndast í loftinu og virtist mér gífurlegur kraftur og afl vera þar að verki. Fannst mér ég vera hálf óttaslegin. Maðurinn lá láréttur í loftinu meðan hann myndaðist og skýrðist hann smátt og smátt þar til hann var fullmótaður. Sýndist hann mjög stirður og varla geta borið fætur fyrir sig. Var hann tekinn og studdur að stól og látinna setjast. Þetta var heldur venjulegur maður í hversdagslegum fötum (vinnuföt), illa rakaður eða með stutta skeggbrodda. Gæti líkst bóna, sjómanni eða verkamanni 35—45 ára. Ég fann til góðvilda og samúðar til þessa manns. Ég gekk niður þrepíð og settist í stól, gegnt nýkomna manninum, mjög nærrí honum. Mér fannst ég vera klædd í hvítleitan slopp hnésið-an, aðeins bundinn saman um mittið, með bera fætur og um leið og ég settist fóru hornin á sloppnum frá og sá í hnén. Annar maður sat í stól við hliðina á þeim nýkomna, aðeins aftar og fannst mér að hann mundi kominn á sama veg, áþekkur í klæðaburði. Ég fann að einhver settist við hliðina á mér og fannst mér við bíða þess að tala við þá, eða sýna þeim velvilja. Hitt fólkid sem var með mér í herberginu fannst mér vera í kringum okkui áfram. Pessir tveir menn fannst mér vera örhlítið grárri en við hin eða eitthvað óskýrara yfir þeim.

Draumurinn var ekki lengri. (Mér fannst ég vera yngri en ég eru nú, um tvítugt).

P.S.

(Dreymt 31. júlí 1975)

II.

Ekki man ég eftir, að hafa áður heyrt um draum, þar sem myndun líkamnings kemur eins skýrt fram og í þessum draumi. Til þess að gestur frá öðrum hnerti geti komið fram, mun þurfa sterkt afslvæði, myndað af samstilltum hópi manna. Auðséð er á draumnum, að efnt hefur verið til slíkrar samstillingar í þeim tilgangi, að vera frá öðrum hnerti gæti komið fram, því ekki virðist myndun líkamnings koma draumgjafanum á óvart, þótt hún sé annars dálítið smeyk við það, sem fram fer.

Dr. Helgi Pjeturss skildi fyrstur manna að draumur eins er ævinlega vökulíf annars, og mun ekkert geta hnekkt þeim skilningi. Sofandi mann dreymir það sem vakandi maður sér og reynir. Lífgeislan á sér stað milli draumgjafans og draumþegans.

Mjög er óvenjulegt að líkamningar komi fram á miðilsfundum á okkar jörð, en ekki er það samt óþekkt fyrirbæri.

Draumurinn, sem af er sagt, er langlíklegast frá öðrum hnerti kominn, þar sem undirbúin hefur verið móttaka gesta frá annarri jörð, og líklegast hefur hér verið um að ræða flutning til varanlegrar dvalar á þeim hnerti sem draumurinn hefur stafað frá, þótt ekki komi það fram í draumnum svo öruggt sé.

I.A.

DRAUMUR FRÁ ÆÐRI LÍFHEIMI

I.

Mig dreymdi að ég væri á ferð í borg eða borgarhluta í fylgd með kunningja mínum, í draumnum, en óþekktum í vöku. Fannst mér við fara þar inn í búð eða bókasafn. Var þéttraðað bókum í skáp á öllum veggjum. Ennfremur stóðu á gólfí langborð með bókahillum á sem náðu að lofti. Voru borð þessi svo þétt ef miðað er við venjulega vökuvitund að ekki væri gengt á milli nema einum, þó við félagar í draumnum gengjum hvor fram hjá öðrum án fyrirhafnar. Allar virtust bækur þessar í svipaðri stærð og svipuðu látlusu bandi í dökkum lit, ekki þó svörtum. Ekki fannst mér ég handleika neina bókina eða lesa nafn eða annað. Þegar við höfðum verið þarna um stund fannst mér félagi minn hafa orð á því að við værum orðnir of seinir að komast á gisti-eða veitingastað. Kom þá til okkar kona sem mér fannst vera þarna til eftirlits og leiðbeininga. Fannst mér hún segja okkur að það gerði okkur ekkert til, því hún geti veitt okkur það sem við þyrft-

um. Fór hún að því búnu, en kom von bráðar aftur með skál all stóra. Var þétt raðað í skálina blómum og blöðum í ýmsum litum. Bar hún skál þessa til skiptis að vitum okkar og endurtók það nokkrum sinnum og lét okkur njóta ilmsins af blómunum. Fannst mér í draumnum þetta vera fullkomlega venjuleg og í alla staði eðlileg næring. Síðan kemur hluti draumsins sem ég ekki get gert mér skýra grein fyrir.

Pessu næst fannst mér ég vera staddur utan við þennan sama borgarhluta og vera þá einn míns liðs, í fögru landslagi þar sem skipti á lægðum og lágum hæðabungum. Var land þetta allt grasi vaxið. — Tek ég þá að mæta miklum fjölda af fólk sem allt hélt til sömu áttar og ég þóttist vita að væri að fara inn í borgina til vinnu sinnar. Í hópi þessum fannst mér ég mæta öldnum sóma-manni og tryggum vin vina sinna — viðurkenndum atorkumanni af þeim sem til þekktu er láttinn var fyrir nokkru, þegar þetta gerðist. Heilsuðumst við með handabandi og léturnum báðir í ljósi ánægju okkar yfir því að hafa fundist þarna. (Það má geta þess að maður þessi var faðir frægs íslensks listamanns, sem enn er á lífi og fleiri mætra manna). Líka má geta þess sem vekur athygli mína í vökkunni að á leið minni og þessa fólks var djúpur og viður skurður með snarbröttum bökkum en grasi grónum niður í botn, virtist hann ekki vera neinn farartálmi, heldur gekk fólkid niður í hann og upp úr, sem ekkert væri og eins yfir mjóa göngubrú sem á honum var. Eins hitt að ekki sást neinn troðningur eða skemmd á grasinu eftir fólkfjölda þennan.

Áfram heldur leið draumsins. Næst finnst mér ég vera staddur á allstóru svæði þéttskipuðu rimlagrindum sem lágu flatar á jörðinni. Undir þeim rann vatn í lynum straumi, það mikið að aðeins seytlaði yfir grindurnar. Á rimlunum stóðu langar raðir af fuglum. Allir voru fuglar þessir í svipuðum lit og stærð, skrautlega flekkóttir og minntu á sumar tegundir af öndum að stærð og háttum. Dýfðu þeir höfðum niður í vatnið á milli rimlanna að hætti fugla sem baða sig úr vatni. Er nú ótalið það sem hvað mesta fruðu vekur af draumi þessum. Það er að allar voru hreyfingar fuglanna taktbundnar við einhvers konar hljómlist sem virtist koma alls staðar að utan úr rúminu. Var hljómlist þessi undra fögur með ótal samhljóum þægilega sterkum sem ég gæti helst líkt við samhljóma stáls og kristals. Vaknaði ég frá unaði þessum.

Eftir það að hafa sagt draum þann sem hér hefur sagður verið er mér ljúft að geta þess að margir draumar, þessi, sem nokkrir fleiri, hafa veitt mér margar ánægjustundir og mikla vissu um, að þegar lagst er til hvíldar að kvöldi síðasta dags verður breytingin sú, að ekki verður lengur séð með augum miðils á annarri jörð, heldur eigin augum í eigin líkama. — Mynduðum úr efni þess lífheims sem lifað er í hverju sinni. — *Af lífgeislum skapast máttur*, hvort sem ég eða þú nefnir þann geisla guð eða eitthvað annað.

G.G.

II.

Hér segir frá draumi, sem mjög er merkilegur, og mest fyrir þá sök, að hann virðist benda ótvíraett út fyrir jörð okkar, til lífs, sem þróast á öðrum hnöttum, og tekið hefur réttari stefnu, en enn er hér hjá okkur.

Draumur þessi virðist skiptast í þrjá aðskilda aðalþætti, og þykir mér líklegt, að draumgjafaskipti hafi orðið við hvern þeirra, því svo er að sjá, sem snögglega hafi skipt um svið og atburði við hvern þessara þátta, en sameiginlegt með þeim öllum er, að um mun betra og fullkomnara afslvæði og lífshætti er að ræða, en þekkist hér á jörð. Dreymandanum finnst hann njóta venjulegrar og eðlilegrar næringar, með því að anda að sér ilmi blóma, og kemur í þessu vel fram, að það er draumgjafinn, sálufélagi hans á öðrum hnetti, sem fær að njóta næringar og mögnunar á þennan dásamlega hátt.

Annað atriði, sem bendir til æðra afslvæðis og lífmögnunar, er það, að lifandi gras skemmist ekki eða treðst niður þótt fólksfjöldi gangi þar um. Er þetta mjög í samræmi við það, er segir af í sumum framlífssögum, enda segir í sumum þeirra, að mjög sé þess gætt, af hinum lengra komnu, að skemma ekki gras eða annan gróður, enda litið á jurtir sem óaðskiljanlegan og veigamikinn þátt þess lífheims, sem byggður er lengra komnum verum, og munu þær leitast við að vernda allt líf, hvers eðlis sem það er.

Eitt merkilegasta atriði þessa draums eru þeir yndislegu tónar og hljómar sem draumgjafanum bárust úr öllum áttum, að honum fannst. Einmitt þetta atriði bendir til þess, að um samband hafi verið að ræða við mjög samstilltar verur og háþróaðar í lífheimi annars hnattar í öðru sólhverfi. Á miðilsfundum Nýalssinna hefur stundum verið sagt frá dásamlegum ómi, sem fylgir guðlegum

verum, ómi sem heillar og gagntekur alla viðstadda, er slíkar verur koma hamförum í heimsóknir til einhvers hnattar, þar sem lífið er komið á örugga framfaraleið og þar sem slíkar heimsóknir geta því átt sér stað.

Draumur, eins og sá, sem sagður er hér á undan, veitir nokkra fræðslu um líf á framfaraleið annars staðar í geimi. Draumlífið veitir einmitt möguleika til að fræðast um lífið á öðrum stjörnum og mundi verða mun betur en enn er, ef lífsambönd við lengra komna vini færðu að takast betur.

I.A.

PRENTVILLA LEIÐRÉTT

Í Lífgeislum, nr. 2 er prentvilla á bls. 66: Prándur, formaður, en á að vera: *Prándur, fornmaður*. Sama prentvilla hefur endurtekið sig í efnisyfirliti á öftustu síðu.

Í Lífgeislum nr. 3 er prentvilla á bls. 98, 5. línu neðan frá: himinsins, en á að vera *heimsins*.

M Y R —

Kjarnyrði og spakmæli úr ljóðum Gríms Thomsens

Yfir trúnni þótt sé þoka,
þá er hún betri en hjartafrostið.

Ytri sjónin þegar þrýtur,
þrifast andans stundum rósir.

Sínum bendir forsjón fingri
fyrðum, ef þeir hlýða vildi.

Varðhaldsenglar voru gefnir
í vöku mönnum bæði og svefni.

Ingólfur réð illu hóta
öllum, sem ei goðin blóta.

Sambandsfundir

Miðilsfundur 13. október 1975:

Íslenskur maður, ónefndur (Sveini): Ég er staddur í stjörnu-sambandsstöð Helga Pjeturss. Hef ég tækifæri til að segja fáein orð við ykkur. Er mér sönn ánægja að skynja til ykkar. Skynja ég skýrt til ykkar allra og greini áhrif hvers ykkar allskýrt, og finnst mér öll þau áhrif góð og vil ég bæta því við, að hver ykkar er stillir til sambands við íbúa annara hnatta.

Nauðsynlega þarf að undirbúa þáttöku í fundum hér betur, og að hver einn leggi sig allan fram. Mun þá ganga örur og greiðar en annars.

Nú er, sem stendur, hægt að athuga afslvæðið. Ég er að reyna að átta mig á afslvæði ykkar og stöðvar ykkar og hvernig það nýtist. Hér er hægt að sjá, hvernig krafturinn notast. Það er ekki nema að örlistlu leyti ennþá, að kraftur þessi verði að notum hjá ykkur. Ég held þó, að gæti greiðst mjög fyrir magnaninni, ef næðist fullkomin samstilling innan hópsins.

Spurning: Ertu löngu farinn af okkar jörð?

Ekki er ég fornmaður. Átjándu aldar maður er ég.

Spurning: Ertu enn á sama hnetti, sem þú fluttist á er þú fórst héðan?

Ég er á þeim þriðja. Það er framlífsjörð. Lengi var ég ekki á fyrsta framlífshnettinum. En ég tel hann slæman að ýmsu leyti. Ég var þar ekki lengi. En á öðrum hnnettinum var ég miklu lengur, og allra lengst hef ég verið á þeim þriðja. Ástandið á þeim fyrsta var verra en á Jörðinni. Sambandsskilningur var þar fágætur. Menn voru þar öðruvísi í sjón en hjá ykkur og innrætið laka-ara. Ég hugsaði fyrst, hvað ég hefði til saka unnið. Ekki voru það mikil afbrot. En aldarandinn var afleitur, og ég hafði verið undir áhrifum hans. Hver einn lendir þar, sem hann hefur dæmt sig til með athöfnum sínum og hugsunum. Fólk er oft kærulaust um líf-erni sitt. Menn misnota tækifærin og hugsa ekki um hvaða afleiðingar það hefur síðar.

Spurning: Snerist hnöttur þessi um öxul sinn, eins og okkar jörð gerir?

Einhver munur er á því. Er önnur hliðin björt en hin dökk. Ég kom fram á mörkum rökkurhliðarinnar og björtu hliðarinnar.

Ég fór ekki mikið um dökku hliðina. Mér þótti það ekki hyggilegt. En ég komst ekki heldur í hina áttina. Fannst mér eins og einhverjir fjötrar héldu mér. Svo bauðst mér hjálp. Ég fékk að yfirgefa þennan stað og þennan hnött. Hjálpendur komu til mínn. Þeir sögðu mér, að ekki ætti ég heima þar lengur og ég var alls hugar feginn. Þeir sögðu mér, að ég mundi fara af þessum hnetti, án þess að ég sæi nokkuð eftir því.

Svo létu þeir mig leggjast á jörðina og ég sofnaði mjög djúpum svefni og vaknaði upp aftur, þar sem var miklu bjartara. Það var eins og dagur hjá nótt.

Það fólk sem ég kynntist á þeim hnetti, var allt svo gott og viðkunnanlegt. Ég veit, að á mínum fyrsta framlíffshnetti er bæði gott og illt ástand. Þar er mikil fullkomnun og fegurð á björtru hliðinni, en á hinni hliðinni er gjörólíkt ástand og hið ferlegasta, þótt ég ekki kynntist því, nema að litlu leyti, á þeim stutta tíma, er ég var þar. Fæ ég ekki skilið, hvernig slík ógn og skelfing getur verið á sama hnettinum og hin guðlega fullkomnun. En þetta er eigi að síður staðreynd. Öðrum megin er víti, en hinu megin er sælustaður.

Ekki er ég nú á bundinsnúnum hnetti,* heldur er hér eins og hjá ykkur. Og það er gott líf, hér á mínum þriðja framlíffshnetti. Fullkomin framför er hér allsráðandi um allan hnöttinn.

Hugur minn er opin og næmur. Ég skynja hug ykkar og tilfinningar og ástand ykkar allra hér að einhverju leyti.

Spurning: Gæturðu sagt okkur eitthvað frá núverandi hnetti þínum?

Margt fallegt gæti ég sagt og er hér af mjög mörgu skemmtilegu að segja. Hér er ákaflega bjart sólskin. Og það er eins og sólskinin bokstaflega veiti manni aukinn lífsþrótt.

Ég finn að þið eruð góð í eðli ykkar, en misjafnlega hlý og opin hvert við annað.

Spurning: Geturðu sagt okkur eitthvað meira um þig sjálfan?

Ég hef reynt sitt af hverju. Ég segi satt um mína reynslu, en ég get ekki látið uppi alla þætti hennar ennþá.

Hljóðbært er stundum um langan veg, þegar loftið er kyrrt. Eins má segja, að sé um sambandið á milli stjarnanna, að það þurfi sérstaka kyrrð. Ég átti við, hvernig hugurinn bregst við áhrifum. Kunnið þið fyrir ykkur nokkuð, en betur þurfið þið að átta

* Bundinsnúinn hnöttur: hnöttur með bundinn möndulsnúning, sem alltaf snýr sömu hlið að sól sinni eða miðhnetti.

ykkur á, hvernig þið þurfið að laga ykkur sjálf til sambands og samstillingar.

Ég hef talsverða reynslu. En ég get nú ekki verið lengur í sambandinu í þetta sinn, því ekki hef ég ótakmarkaðan tíma.

Benedikt Gröndal, skáld (Sveini): Benedikt Gröndal. Svona er þetta samband. Stundum vantar nú eitthvað á, en einhver árangur er þó í hvert sinn, og þykir mér mjög vænt um, að mega segja nokkur orð við ykkur núna. Hefur mér þótt, síðan ég flutti á aðra jörð, skaði mikill, að ekki skyldi vera hægt, að hafa nógu gott samband við hinn gamla hnött minn. En ég er ekki vonlaus um, að þetta geti staðið til bóta. Ef ykkar merka starf gæti fengið nægan styrk þjóðarinnar og skilning, mætti vænta gjörbreytinga til batnaðar í sambandsmálum. — Ég er í edli mínu ekki ólíkur og ég var á jörðinni, sírkyandi og hugleiðandi og athugandi marga hluti. Hér er á minni framlífsjörð mikill framfarahugur ríkjandi, svo að líkast er því, sem fólkioð hafi fengið köllun með sívaxandi styrk. Nú er misjafnt hvað hugurinn megnar hjá hverjum einstaklingi, en sameiginlega megnar hugurinn mikið. Hér eru hugirnir sameinaðir í réttu máli og vilja allir ná sameiginlegu takmarki og allir stefna að einu takmarki. Lífið er svo nátengt sem frumur í heilbrigðum líkama. Svarar hver einstaklingur til frumu í líkama. En sú lífheild, sem þannig skapast, hefur möguleika til að fullkomnast óendenlega og tengjast enn öðrum lífheildum annarra hnatta á sífellt fullkomnari hátt. Kraftur allrar heildarinnar er kraftur einstaklingsins og nú er ég einstaklingur í þessari lífheild míns hnattar, og sem einstaklingur er ég þá þáttakandi í afli allra hinna, er mynda þessa lífheild, að einhverju leyti. En þá er eins og einstaklingseðlið verði fullkomnara vegna samstillingarinnar við aðra.

Þið getið sagt ykkur þetta betur jafnvel, en ég get nú, og við hér höfum mikinn hug á að geta komið ykkur til hjálpar á ykkar jörð, svo að einnig þar geti stefnt í átt til æðri lífheildar. En það er það takmark, sem öllu lífi er ætlað. Óendenleg fullkomnun bíður þess lífs, sem hefur tekið þá réttu stefnu og það meira en nokkur megnar að gera sér í hugarlund. Lærist fyrr eða síðar öllum, að átta sig á hinu sanna takmarki lífsins og tilgangi. En áður en á þá réttu hlið er komið, er margt að varast og ég veit hvernig fer fyrir þeim, sem ranglega stefnir.

Ætla ég þó ekki að ræða meira þetta efni og læt þetta nægja. Verið sæl.

A hengiflugi

Tíminn líður hratt og heimsviðburðir virðast fara fram með meiri hraða en nokkru sinni áður. Væri rétt stefnt, þá mættu viðburðir gjarnan gerast með vaxandi hraða. En nú stefnir ekki rétt, því miður. Ískyggilegir atburðir gerast um alla jörð, og færast í vöxt, með hverju árinu sem líður. Svo virðist jafnvel, sem við séum komin að hengiflugi, og lítið sé eftir annað en steypast fram af.

Pótt við jarðarbúar séum þannig komnir á fremstu nöf, er þó ekki þar með sagt að ekki sé unnt að snúa við. En til þess þurfum við að átta okkur á stöðu okkar og hvert við stefnum. Með kenningu dr. Helga Pjeturss opnast víðari yfirsýn en áður yfir vandamál tilverunnar:

Við lifum í heimi, þar sem áhrifa eins gætir á alla aðra. Við jarðarbúar erum undir stöðugum áhrifum, illum og góðum, frá öðrum mannkynjum annars staðar í alheimi. Því miður hefur hér gætt um of áhrifa frá helstefnumannkynjum annarra hnatta.

Hér þarf breyting að verða á. Taka þarf upp nánari sambönd við lífstefnumannkyn annars staðar í heimi.

Dr. Helgi Pjeturss uppgötvæði lífgeislann fyrstur manna. Umfangsmiklar rannsóknir á lífgeislun fara nú fram við háskóla víða um heim, þótt ekki séu þær rannsóknir komnar enn á rétta skilningsleið, en allar styðja þær það, sem dr. Helgi hefur áður sagt um þessi mál.

Lífgeislinn fer um óravíddir geimsins á örskotsstund. Lífsambönd eiga sér stað milli alls sem lifir. Hver einstaklingur hefur áhrif á alla aðra.

Í öðrum stöðum alheimsins eru til verur, sem eru okkur mönnum óendenlega miklu fremri að fegurð, viti og góðvild, og þessar verur leitast við að hafa þau áhrif á líf okkar jarðarbúa, að unnt verði að snúa við frá rangstefnunni, sem hér er svo mjög ríkjandi, til lífstefnu, þeirrar stefnu, sem svo mjög er áriðandi að hér geti orðið ráðandi.

En til þess, að slík breyting geti orðið, þurfa sem flestir að skilja hvert stefnir, og hvað geti helst til bjargar orðið.

Ingvar Agnarsson

Lífgeislar

Útgefandi: Félag Nýalssinna

Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765. Pósthólf 1159, Reykjavík.

Umsjónarmaður: Ingvar Agnarsson.

EFNISYFIRLIT

Sólhverfið — heimkynni vort I.A. (Sjá forsíðumynd ...) Bls. 110

UM FYRIRBÆRIN „FLJÚGANDI DISKAR“:

Hamfarir og fjarsýnir. I.A.	— 111
Skýrsla um fljúgandi diskar. — Fljúgandi diskar í ljósi kenningu dr. Helga Pjeturss. — Önnur hliðstæð fyrirbæri. — Fjarskyggni. — Fjarsýnir. — Eru flugdiskaheimsóknir vin-samlegar?	
Nokkur orð um hugsanlegan ferðamáta svo kallaðra fljúgandi diskar. Ó.H.	— 117
Lýsingar sjónarvotta á fljúgandi diskum. — Hvarf flugvéla og skipa. — Athuganir stórvelda á fljúgandi diskum. — Frásagnir af hvarfi og myndun hluta.	
Fljúgandi diskar yfir Norðurlöndum. P.G.	— 121
Frásögn sjónarvotts. — Hið hnattlagi bláa fyrirbæri. — Veikindi. — Ummerki á bíl.	
Geimför frá stjörnunum og sambandsmálín. I.B.	— 125
Með eftirmála eftir P.G.	
Nokkur höfuðrit um „fljúgandi diskar“. P.G.	— 128
Hvað eru fljúgandi diskar. K.E.V.	— 129
Hringfarið undarlega. S.H.	— 130
Furðulegt ljós fyrirbæri. Á.G.	— 133

LJÓÐ:

Huldarmál frá horfinni tíð	— 134
---------------------------------	-------

DRAUMAR:

Draumur um myndun líkamnings. P.S.	— 135
Draumur frá æðri lífheimi. G.G.	— 136

SAMBANDSFUNDIR:

Miðilsfundur 13. október 1975	— 140
Önefndur Íslendingur frá 19. öld. — Benedikt Gröndal, skáld.	

MYR:

Kjarnyrði og spekiorð	116, 120, 124
Kjarnyrði úr ljóðum Gríms Thomsens	127, 139